



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Hlíðasmára 1, 201 Kópavogi • www.syslumenn.is • smh@syslumenn.is • kt.650914-2520 • sími 458-2000

Garðabær
Almar Guðmundsson, bæjarstjóri
Ráðhús Garðabæjar, Garðatorgi 7
210 Garðabæ
sent rafrænt

Kópavogi, 23. febrúar 2023

Ágæti bæjarstjóri,

Samráðsskylda sýslumanns höfuðborgarsvæðisins við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, sbr. 7. gr. laga um framkvæmdavald og stjórnsýslu ríkisins í héraði nr. 50/2014.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 50/2014 um framkvæmdavald og stjórnsýslu ríkisins í héraði nr. 50/2014 skal sýslumaður hafa forgöngu um samráð við sveitarfélög í umdæmi sínu um fyrirkomulag og samræmingu opinberrar þjónustu í umdæmi sínu eftir því sem við getur átt. Samkvæmt því sem kemur fram í lagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að þetta starf mótist eftir þörfum í hverju umdæmi fyrir sig.

Ég tók við embætti sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu í janúar 2021 og nýjar sveitarstjórnir tóku við eftir sveitarstjórnarkosningar 14. maí 2022. Með vísan til nefndrar lagagreinar í lögum nr. 50/2014 óska ég eftir fundi með kjörnum fulltrúum sveitarfélagsins.

Á fundinum hef ég áhuga á að kynna embætti sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu fyrir kjörnum fulltrúum og eftir atvikum starfsmönnum sveitarfélagsins. Samhliða vil ég kynnast sjónarmiðum kjörinna fulltrúa um stöðu mála og framtíðarsýn. Gert er ráð fyrir um 15 mínútna kynningu og umræðum í kjölfarið.

Vinsamlegast hafið samband við mig sem fyrst svo unnt sé að ákveða tíma og skipulag samráðsfundarins.

Tölvupóstfang mitt er sigrídur.kristinsdóttir@syslumenn.is

Með góðri kveðju

Sigríður Kristinsdóttir,
Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026